

Nr. 38.

10.
nóvbr.

Lög

um

gagnfræðaskóla á Akureyri.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Gagnfræðaskóla skal reisa á Akureyri, og má verja til skólahússbyggingar og muna allt að 67,000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenska, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrjetti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfraðinnar og heilsufræðinnar; enn fremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, skólaíðnaður og leikfimi.

3. gr.

Kennarar skólans eru 3, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri. Hefur hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. — Hann hefur að launum 3000 krónur á ári, og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefur 2000 kr. og annar kennari 1600 kr. að launum á ári. Fyrsti og annar kennari Möðruvallaskólans hafa 400 kr. árlega uppbót hvor fyrir flutninginn til Akureyrar.

4. gr.

Í skólanum skulu vera allt að 45—50 heimavistir. Skulu nemendur greiða sanngjarna borgun fyrir þær eptir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð skólans.

5. gr.

Landsstjórnin hefur á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann. Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

Nr. 38. Lög 10. nóvember um gagnfræðaskóla á Akureyri.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

en Realskole i Akureyri.

Nr. 38.

10de
Novbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Akureyri skal der oprettes en Realskole. Til Tilvejebringelse af en Skolebygning og Anskaffelse af Inventarium kan anvendes indtil 67,000 Kr. af Landskassen.

§ 2.

De Fag, hvori der skal undervises i Skolen, ere: Islandsk, Dansk, Engelsk, Historie og Geografi, navnlig Islands Historie og Geografi, tillige med en Oversigt over Landets Forfatnings- og Forvaltningsret; Regning, Geometri og Landmaaling, Naturhistorie, derunder indbefattet Grundtrækkene af Antropologi og Hygiejne; endvidere Grundtrækkene af Fysik, Kemi, Tegning, Sang, Sløjd og Gymnastik.

§ 3.

Skolens Lærerpersonele bestaar af 3 Lærere, hvoraf den ene tillige er Skolens Forstander. Han fører Hovedtilsyn med Eleverne, Skolebygningen og Skolens Inventar. — Der tillægges ham en aarlig Lønning af 3000 Kr. foruden fri Bolig i Skolebygningen. Første Lærer lønnes med 2000 Kr. og anden Lærer med 1600 Kr. aarlig. Første og anden Lærer ved Mödruvellir Skolen nyde hver en Godtgørelse af 400 Kr. aarlig for Flytningen til Akureyri.

§ 4.

I Skolen skal der være indtil 45—50 Alumnepladser, for hvilke Eleverne skulle erlægge et passende Vederlag efter nærmere Bestemmelse i Skolens Reglement.

§ 5.

Overtilsynet med Skolen udøves af Regeringen, der udfærdiger et Reglement for Skolen.

Lønninger og andre Udgifter til Skolen udredes af Landskassen.

Nr. 38. Lov af 10de November om en Realskole i Akureyri.

Nr. 38.

6. gr.

10. 1. gr. laganna öðlast gildi á venjulegan hátt, en 2.—4. gr. koma ekki til
 nóvbr. framkvæmda fyr en 1. okt. 1904. Frá þeim tíma falla úr gildi lög um gagnfræðaskól-
 ann á Möðruvöllum 4. nóv. 1881.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Fredensborg, 10. nóvember 1903.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

§ 6.

Nr. 38.

Medens Lovens § 1 træder i Kraft efter de almindelige Regler om Loves Ikrafttræden, komme §§ 2—4 først til Anvendelse fra 1ste Oktbr. 1904. Fra samme Tidspunkt ophæves Lov om Realskolen paa Mödruvellir af 4de Novbr. 1881.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Fredensborg, den 10de November 1903.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 10de November 1903.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.